

Fundur í stjórn foreldrafélags BES

27. október 2007

Mættir voru:

Kolbrún Tryggvadóttir

Lóa Björk Óskarsdóttir

Sveinn Ásgeir Jónsson

Þóra Þorsteinsdóttir

1. Þóra sagði frá fundi sem hún sótti fyrir hönd stjórnarinnar hjá Íþróttá-og tólmstundaráði Árborgar. Sá fundur var boðaður vegna bréfs sem foreldri barns úr 9. bekk BES sendi tólmstundfulltrúa Árborgar. Þar kemur fram að börnin á Ströndinni eru ekki að nýta sér þá félagsaðstöðu sem er í boði í Árborg. Leiðir voru ræddar og aðgerðarhópur stofnaður.
2. Í framhaldi af þeirri umræðu var rædd sú hugmynd að klúbbar á vegum Árborgar hefðu aðstöðu á Ströndinni, þar sem unglíngarnir okkar væru þá gestgjafar Selfyssinganna. Einnig var rædd sú hugmynd að halda sundlaugapartý fyrir unglíngana. Þóra athugar betur með það.
3. Þóra mun í sambandi við Hörpu skólastjóra setja niður áætlun um kvölddagskrá fyrir eldri bekkina, þar sem foreldrar koma með fræðslu eða kennslu fyrir krakkana. Áætlað er að hafa eitt slíkt kvöld á mánuði út skólaárið. Íþróttá- og tólmstundaráð Árborgar var mjög spennt fyrir hugmyndinni, og það um að hún yrði kynnt á fundi forvarnarráðs Árborgar fljótlega.
4. Harpa skólastjóri talaði um að áhugi væri á leiklist í BES. Rætt var um að reyna að fá leikstjóra eða leikara til að hjálpa börnunum að setja upp verk. Sveinn ætlar að skoða þetta og útfæra með Hörpu skólastjóra.
5. Skákæfingar ræddar, áhugi fyrir að koma af stað skákkúbbi. Það verður skoðað með skólastjóra.
6. Jólaföndur og piparkökuskreytingar. Harpa skólastjóri hefur pantað Stað á Eyrarbakka, miðvikudaginn 26. nóvember. Ákveðið var að hafa föndrið einfalt, og nokkrar leiðir ræddar í því samhengi. Einnig var ákveðið að hafa kaffihúsastemningu og nota tækifærið til að afla fjár fyrir foreldrafélagið.
7. Rauði krossinn heldur foreldrafund, miðvikudagskvöldið 29. október kl. 20.00 í skólabyggingunni á Eyrarbakka. Þar verður rætt um jarðskjálfta og afleiðingar þeirra með áherslu á stuðning við börnin. Börnin fá fræðslu frá rauða krossinum á svipuðum nótum á föstudag.
8. Næsti fundur verður haldinn þann 10. nóvember, en þá verður jólaföndrið og allt sem viðkemur því tekið föstum tókum.

Fundi slitið kl. 22